

## Hugmynd að aukaverkefni

Nemendur beri saman kortið af Rómaveldi hér fyrir neðan við kort af Evrópu og geri sér í hugarlund stærð ríkisins með því að finna út og skrifa niður yfir hvaða löndum Rómverjar réðu.



## Samvinna í Evrópu

Nemendabók bls. 92–99

Í kaflanum er fjallað um samvinnu í Evrópu. Það sem tekið er fyrir er:

- Evrópusambandið – ESB.
- Stofnanir Evrópusambandsins.
- EFTA, EES.
- Schengen.
- NATO.
- Sameinuðu þjóðirnar.
- Mannréttindi í Evrópu.
- Evróvisjón.

Markmið

Nemandi

- viti hvað Evrópusambandið er og helstu stofnanir þess
- viti hvað felst í fjórfrelsinu
- þekki helstu samtök, stofnanir og samninga sem Evrópuríki eiga aðild að
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á ýmsum sviðum
- viti hvað felst í mannréttindum

## Samvinna í Evrópu

Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að í Evrópu, og í raun í heiminum öllum, eigum við í viðtæku samstarfi um allt á milli himins og jarðar. Það er ekki endilega markmið að nemendur geti þulið upp hlutverk einstakra stofnana eða samninga heldur geri sér grein fyrir gildi samstarfs og áhrifum þess á daglegt líf fólks.

Hægt er að velta fyrir sér áhrifum einstakra stofnana eða samninga á líf okkar, t.d. hvernig er að ferðast innan Schengen-svæðisins og út af því, m.a. í sambandi við vegabréfaeftirlitið.

## Hugmynd að aukaverkefni

### Evróvisjón

Meirihluti 12 ára barna fylgist árlega spenntur með Evróvisjón, hvort sem þau viðurkenna það eða ekki! Því er upplagt að nota þessa vinsælu keppni til að kynna Evrópu örlítið betur. Skoðið vefsíðu Evróvisjón söngvakeppninnar á [www.eurovision.tv](http://www.eurovision.tv) og kynnið ykkur úrslitin í síðustu keppni. Í þessu verkefni getur allur bekkurinn unnið saman og skipt á milli sín löndunum til að svara spurningunum. Nauðsynlegt er að hafa Evrópukort til hliðsjónar.

1. Hvaða lönd fengu stig frá næstu nágrönnum sínum?
2. Hversu mörg lönd frá Austur-Evrópu lentu í 10 efstu sætunum?
3. Úr hvaða hluta Evrópu kom sigurlagið í ár?

## Hugmyndir að námsmati

Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Þannig má í senn ýta undir fjölbærni og virða ólíkar þarfir nemenda.

Gott er að leggja reglulega mat á vinnu nemenda. Það hvetur nemendur til dáða og veitir gagnlegar upplýsingar um framvindu námsins. Þá ættu nemandi og kennari að átta sig sem best á námsstöðunni og þar með vera í stakk búnir til að haga námi og kennslu eftir þörfum hverju sinni.

Nauðsynlegt er að ákveða fyrir fram hvernig standa skuli að námsmati fyrir veturinn. Kennarar þurfa að koma sér upp skýru matskerfi og gera nemendum grein fyrir því í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að skrá frammistöðu nemenda með reglubundnum hætti þegar símat fer fram.

Sumir fara þá leið að byrja á bókinni með nemendum og fjalla um ákveðið efni og taka próf úr því. Aðrir vilja heldur meta vinnu nemenda og nota til þess ýmsa lista og matskvarða. Svo eru margir sem blanda þessu saman. Á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/namsmat.htm> er að finna mikið úrval af matslistum og ýmsum öðrum hugmyndum um námsmat ásamt tenglum á aðra námsmatsvefi. Hér á eftir eru dæmi um matslista sem hægt er að nota til að auðvelda kennurum matið. Þetta eru einungis hugmyndir og því sjálfsagt fyrir kennara að nota það sem hentar þeim og bæta við eða sleppa eftir þörfum.